



## NÝ ÍBÚÐABYGGÐ

Litla þorpið okkar er að stækka. Við erum að gera nýtt hverfi norðan við núverandi byggð á Svalbarðseyri. Þess vegna auglýsum við nú nýjar lóðir fyrir einbýlishús, parhús og raðhús. Lóðirnar eru stórar með flottu útsýni yfir fjörðinn og liggja afar vel við sólskininu sem Svalbarðsströnd er þekkt fyrir.

Við búum mjög vel að börnum í skólanum okkar og strandlengjan, sjórinn og heiðin eru útivistarpardísir fyrir jafnt unga sem aldna. Ljósleiðari er að sjálfsögðu til staðar og örstutt er að skreppa í bæinn.

**Ítarlegri upplýsingar** finnast á vefsíðu okkar [svalbardsstrond.is](http://svalbardsstrond.is) og einnig svarar sveitarstjóri fúslega öllum fyrirspurnum.

**Umsóknarfrestur** fyrir fyrstu úthlutun er til 9. október n.k.

**Umsóknir sendast** beint á skrifstofu sveitarfélagsins eða tölvupóstfangið [postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is).

---

## Næstu rusladagar

- 21. september - Gráa / brúna tunnan
  - 5. október - Gráa / brúna tunnan
  - 12. október - Græna tunnan
  - 19. október - Gráa / brúna tunnan
- 

Ströndungur kemur næst út miðvikudaginn 18. október.

Skilafrestur á efni í blaðið er til kl. 15:00 mánudaginn 16. október.

## Þriðjudagsmorgnarn í Safnaðarstofu

En nú er fullorðni hópurinn sem hefur mætt í Safnaðarstofuna á þriðjudagsmorgnum undanfarna vetur boðaður til samkomu klukkan 11. Eitt-hvað verður á boðstólnum til að gleðja bragðlaukana eins og verið hefur og svo er auðvitað það besta, – Maður er manns gaman og allt það.

Þeir sem hafa áhuga á að líta inn eru velkomnir, fæðingarár skiptir ekki máli.

Hlökkum til að hittast aftur. A B A

Hvar er hitt Béið???

---

## Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Unglingadeild Valsárskóla stefnir á skólaferðalag vorið 2018 og líkt og áður treystum við á stuðning ykkar kærú sveitungar. Eins og undanfarin ár munum við safna dósú og flöskú annað slagið en fyrsta **flösku- og dósasöfnunin** mun fara fram helgina **30. sept – 1. okt. nk.**

**\*\*NÝJUNG\*\*** Nú erum við einnig með Kirkland WC-pappír til sölu 40 rúllur á 5.000 kr.

Klósettappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjólu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunú í síma 892-0773.

---

## Bókasafn

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

---

# Kirkjan

Sunnudagur 24. september kl. 11.00

Sunnudagaskóli í Svalbarðskirkju. Sögur, söngur, brúður, djús og dund!  
Verið velkomin!

Sunnudagur 1. október kl. 11.00

Messa í Svalbarðskirkju. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Petru Bjarkar Pálsdóttur. Altarisganga. Fermingarbörn boðin sérstaklega velkomin með fjölskyldum!

---

## Snyrtistofan Sveitasæla



Snyrtistofna Sveitasæla opnaði á Lamb inn, Öngulsstöðum 3 miðvikudaginn 6. september síðastliðinn. Allar helstu snyrtimeðferðir í boði í notalegu umhverfi í sveitinni.

OPNUNARTILBOÐ, Andlitsmeðferðir og fót snyrtingar á 15% afslætti í september og október.

Er með hágæðavörur frá Comfort Zone. Þær vorur eru án parabena, mineral olíu, silikons, litarefna, dýraafurða og **[ comfort zone ]** MIT (rótvannarefnis).

SKIN SCIENCE SOUL

Gjafabréf til sölu, þú velur ákveðna meðferð eða upphæð að eigin vali. Tilvalin gjöf við öll tækifæri.

Tímapantanir í síma 833-7888 eða 891-6276. Milli kl. 9.00-17.00 á daginn.

Elín Halldórsdóttir snyrtifræðingur og danskennari

---

## Litið um öxl

Pessi umfjöllun um Kvenfélag Svalbarðsstrandar birtist í Hlín árið 1919:

*Pess er stundum getið í gömlum sögum, að menn ljetu sjer ekki nægja að segja til nafns síns að eins, er þeir hittust, heldur sögðu einnig brot úr æfisögu sinni. Þessa aðferð virðist S. N. K. hafa tekið upp. Flest fjelögin í Sambandinu hafa ný skýrt frá stofnun sinni og helstu störfum, og að því njer finst þetta góður siður, hef jeg ekki viljað, skorast undan beiðni forstöðukonu Sambandsins, að segja í fáam orðum æliferil Kvenfjelags Svalbarðsstrandar, þó hann sje hvorki langur nje frækilegur.*

*Kvenfjelog Svalbarðsstrandar var stofnað þann 17. mars 1901 af 7 konum. Það var líkast, að forgöngukonurnar væru hállhræddar við þessa nýbreytni og þyrðu ekki að hafa hátt um sig, hafa líklega óttast að fjelagið kynni að kafna í fæðingunni. Svo varð þó ekki, og á næsta fundi gengu 11 konur í fjelagið. Síðan hefur fjelagatalan verið lík, hæst nú 21.*

*Stefnuskrá fjelagsins er að efla fjelagsskap og samvinnu meðal kvenna og ræða og styrkja eftir föngum ýmis þarfleg mál.*

*Það gefur að skilja, að svo fáment fjelag hefur ekki getað látið mikið til sín taka. Eitthvert fyrsta verk fjelagsins var að gangast fyrir því, að þrjónavjel fengist í sveitina. Þar hafði engin verið áður. Tvisvar hefur það komið á fót saumaskóla fyrir unglingsstúlkur. Það gekst og fyrir hússtjórnarnámsskeiði á Svalbarðseyri 1913. Þrisvar hefur það komið á iðnsýningum í sveitinni, ýmist eitt eða ásamt Ungmennafjelaginu. Sveitablaði hjelt það úti í mörg ár. Dálitla gróðrastöð á það í fjelagi við Ungmennafjlagið og hefur lagt vinnu og fje þar í.*

*Ofurlítið fje lagði það eitt sinn til vegagerðar í hreppnum. 1917 stofnaði Kvenfjlagið sjúkrajóð, sem á sínum tíma skal verja til styrkja fátæka sjúklinga í Svalbarðsstarndarhreppi.*

*Ýms þarfleg mál hefur fjelagið haft á dagskrá, þó framkvæmdir hafi orðið litlar, t.d. hjúkrunarmál, uppeldismál, iðnaðarmál, fátækraframlærslu, sunnudagahelgi, húslestra, stofnun K. F. U. M. o. fl.*

*Fjelagið hefur venjulega reynt að gleðja einhvern fátækling með lítulsháttar fjárstyrk árlega.*

S. Þ.

Hlín, 3. tbl. (01.01.1919), bls. 14;  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=4979949](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4979949)